# Áætlun um greiningu þjónustuþátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúningi fjárhagsáætlunar 2019

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á Íþrótta- og tómstundarsviði

*Fagsviðum ber að skila sundurliðaðri áætlun um greiningar á þjónustuþáttum á árinu 2018, yfirliti yfir stöðu fyrri greininga og framkvæmd aðgerða, og drögum að framkvæmd og eftirliti á árinu.*

*Skil 20. apríl 2018*

## Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

**Í þessum kafla þarf eftirfarandi að koma fram:**

- Áherslur ÍTR í jafnréttismálum er að veita öllum jafna þjónustu í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
- Hvaða greiningar á hvaða þjónustuþáttum hafa verið gerðar á fagsviðinu með aðferðafræði KFS, sjá eftirfarandi töflu.

| Þjónustuþáttur | Hluti þjónustunnar sem var greindur | Ár skila | Kostnaður greindrar þjónustu (miðað við fjárhagsáætlun 2018) |
|---|---|---|---|
| Sundlaugar | Aðsókn | 2012 | 1.489 mkr |
| Frístundarkort | Þátttaka | 2012 | 728 mkr |
| Fjárfesting Íþróttafélaga | Fjárfesting | 2013 | Misjafnt |
| Rekstur íþróttafélaga | Styrkir til íþróttafélaga | 2014 | 915 mkr |
| Sumarstörf ÍTR | Ráðningar | 2015 | 74 mkr |
| Fjölskyldu og húsdýragarðurinn (í vinnslu) | Aðsókn | 2018 | 274 mkr |
| Hitt Húsið (í vinnslu) | Þátttaka | 2018 | 441 mkr |

Núna er verið að lesa yfir skýrslu FHG þar sem er búið að vera að greina aðsókn eftir kynjum á árinu 2017. Síðan er verkefni í gangi hjá Hinu Húsinu þar sem verið er að greina þátttöku í Músíktilraunum.

Framundan eru tækifæri hjá ÍTR til að greina ýmis verkefni í KFS svo sem:

- Aðsóknartölur með nýju verslunarkerfi sem tekið verður í notkun haustið 2018 og koma til með að liggja fyrir gögn 2019 – 2020.
- Samantekt á þróun nýtingar frístundakortsins fyrir árin 2012 – 2018.
- Skoða þátttöku í ýmsum jaðaríþróttum og öðrum tómstundum sem ÍTR styrkir.
- Greina aðsókn og þjónustu á skíðasvæðunum með aðferðafræði KFS.
- Skoða kynjahlutfall í starfsmannahópum ÍTR.

## Eftirfylgni með aðgerðum

Hér skal lista þær aðgerðir sam lagðar hafa verið til í KFS greiningum á sviðinu sbr. greiningarskýrslum. (Skýrslur er hægt að nálgast hér: https://reykjavik.is/utgefid-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun eða hjá verkefnastýru KFS.)

| Þjónustuþáttur og ár skila | Aðgerð | Staða framkvæmdar |
|---|---|---|
| Frístundakort | Þátttaka 6-9 ára barna í Reykjavík í skipulögðu starfi kyngreind á hverju ári. | Komið inn verklag |
| Frístundakort | Nýting og dreifing á frístundakortinu er kyngreind á hverju ári | Komið inn verklag |
| Aðsókn í Sundlaugar | Við innleiðingu á nýju verslunarkerfi, var horft til þess að auðvelt yrði að safna kyngreindum gögnum. | Nýtt kerfi verður innleitt haustið 2018 |
| Aðsókn í Sundlaugar | Við skoðun á aðsóknargögnum þá kom í ljós að það hallaði á konur í aðsókn að Sundhöllinni. Gerð var ítarleg könnun meðal notenda Sundhallarinnar. Niðurstaðan var að konur upplifðu að aðgengi að kvennaaðstöðu væri ábótavant. Var það haft til hliðsjónar við endurhönnun á Sundhöllinni. | Bætt aðstaða fyrir konur í Sundhöllinni er komin í notkun. |
| Sumarstörf ÍTR | Aðgerða var ekki þörf. | Stjórnendur meðvitaðir um jafna kynjaskiptingu í ráðningum. |
| Fjárfesting Íþróttafélaga | Gögnin sýndu mun á fjárfestingu milli íþróttagreina og mismunandi þátttöku kynja í þessum greinum. | Haft til hliðsjónar við val á fjárfestingarverkefnum |
| Rekstur íþróttafélaga | Gögnin sýndu mun á kostnaði milli íþróttagreina og mismunandi þátttöku kynja í þessum greinum. Margir fyrirvarar voru á úttektinni og margt sem var óljóst. Þetta þarfnast frekari djúpgreiningar. | Ekki í vinnslu. |
| Fjölskyldu og húsdýragarðurinn (í vinnslu) | Aðsókn var greind eftir kynjum í FHG árið 2017. Búið að vinna gögn s kýrsla í vinnslu. | Í vinnslu |
| Hitt Húsið (í vinnslu) | Verið er að greina þátttöku í Músíktilraunum eftir kyni. | Í vinnslu |